

# Norrænir arkitektar

## Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Undanfarið hefur staðið yfir sýning á verkum fimm norrænna arkitekta í Kjarvalssal og stendur hún til 17. október. Er hér um að ræða þau Peter Celsing frá Svíþjóð, Sverre Fehn frá Noregi, Knud Holscher frá Danmörku, Arno Ruusovuori frá Finnlandi, Högnu Sigurðardóttur-Anspach frá Íslandi.

Allt eru þetta nafnkenndir arkitektar og eru verk sem þeir hafa gert á heimaslóðum kynnt sérstaklega nema hvað Högnu snertir, en hún hefur alla tíð verið starfandi í Frakklandi, þótt hún hafi einnig teiknað hús á Íslandi. Hluttur hennar skiptist milli víðamikilla verkafna í Frakklandi og einbýlishúsa, sundlaugar og óbyggðrar kapellu á Íslandi.

Sýningin kemur frá Arkitektasafni Finnlands í Helsingfors, og var það forstöðumaður þess Marja Ritta Norri, sem setti hana saman. Um er að ræða farandsýningu, sem vafalítið gístir öll Norðurlöndin, en ekki veit ég hvort hún fari víðar.

Þetta er mikil sýning og næsta yfirþyrmandi í salnum vegna hinna ábúðamiklu svörtu fleka, og einhvern veginn hefur maður á tilfinningunni, að hún sé frekar sett upp með fagmenn í huga, og til að gista arkitektúrsofn, en almenna sýningarsali. Sem slík er hún vafalítið þrýðis kynning á hverjum og einum arkitektinum, en fyrir almenning er hún nokkuð þung í vöfum og ekki hjálpar uppsetning hennar til að gera hana auðmeltari. Auk þess eru textar á finnsku og ensku, en hægt er að fá lánaðar vélritaðar þýðingar sem liggja frammi, en engan veginn gerir það sama gagn og að lesa textana jafnóðum og skoðað er.

Þetta er annars að verða taugatrekkjandi vandamál, að þurfa nær alltaf að lesa texta á svipuðum sýningum hér í borg á ensku eða einhverju Norðurlandamálanna, því það ætti að vera næsta lítið mál að þýða þá yfir á íslensku og láta þá fylgja með útlendu textunum. Íðulega er þýðingin þó til, en látin fylgja á lausblöðungum svo hér er

einungis um lítið framkvæmdaratriði að ræða. Finnst mér þetta óvirðing við móðurmálið og sýningargestinn um leið. Þó sá sem hér ritar hafi skoðað margar arkitektúr-sýningar erlendis og þar á meðal Arkitektasafni Finnlands, var það ekki fyrr en í annarri skoðunarferð að hann fékk nokkurn veginn skýra heildarmynd af sýningunni.

Engin sýningarskrá yfir heildina fylgir, en hins vegar hafa verið gefin út ítarleg kynningarrit um alla arkitektana á ensku og móðurmáli hvers fyrir sig nema hvað ritid um Högnu snertir, en þar eru allir textar á ensku(!) fyrir utan viðtal við hana í viðauka aftast.

Fyrir hvern þann sem vill kynna arkitektunum eru þessi rit ómissandi, því að þau kynna þá mun betur en sjálf sýningin, nema auðvitað að hinum þrívíðu mólum undanskildum. Þau eru mun betur sett upp en sjálf sýningin og ljósmyndirnar í þeim öllu skilvirkari, því að á sýningunni er of mikið af flottum smáatriðum og hluta bygginganna, sem getur verið erfitt að lesa í.


Ljósmyndirnar og teikningarnar vilja bera sjálf mólum ofurlíði, en þau eru að mínu viti merkasti hluti sýningarinnar og hefði verið farsælust að leggja meiri áherslu á þau. Slíkt hef ég séð gert á þrem stórsýningum í röð á sl. ári, í London, París og Kaupmannahöfn og í öllum tilvikum bar hluttur arkitektanna af öðru sem til sýnis var að mínu áliti.

Það sem vakti mesta athygli mína á sýningunni, er eðlilega það sem ég þekki best til sjálfur í sjón og raun, þótt það sé kannski ekki alltaf það athyglisverðasta, en ég treysti mér síður til að fjalla um annað á sýningunni þótt því sé gerð góð skil í ritunum. En ég er að skrifa um sýninguna, en ekki ritin, og þannig tók best eftir Listamiðstöðinni (Kulturhuset) við Sergelstorg eftir Peter Celsing, en það er mjög vel hönnuð bygging. Danska skálanum í Sevilla eftir Knud Holscher, en hann var glæsilegur og vakti mikla athygli sýningargesta. Skála Norðurlanda á Fenejvatváringnum eftir Sverre Fehn, svo og einbýlishús fyrir Carl


Sejersted Bødker II, í Ósló, sem ég hef að visu ekki séð, en með því minnstæðasta frá námsdövl minni í Ósló 1952-53, var heimsókn í hús skipamiðlarans föður hans, Sejersted Bødker I, sem jafnframt var víðfrægt einkasafn og andrúmið í kringum nýja húsið benti til þess að það væri á sömu slóðum. Meginásarnir við hönnun hússins voru athyglisverðir: 1) Lóð með einstöku útsýni, 2) Stórkostlegt málverksafn, 3) Falleg eiginkona. Hugmyndin sem fæddist var „þríhyrningsgrunnur“ Þegar eigandi þessara lífsgæða situr í sófanum getur hann horft á málverk sín og birtuskilin og séð fallegu konuna sína ganga framhjá án þess að snúa til höfðinu!

Líkan af viðbyggingu við Þjóðminjasafnið í Helsingfors eftir Arno Ruusovuori. Upprunalega byggingin markaði tímamót í finnskri arkitektúr, en hún var eftir þá Saarinen, Gesellius og Lindgren, en þeir lögðu áherslu á að treysta grunn hefðbundinnar finnskrar húsagerðarlistar og sækja byggingarefnið í finnska náttúru. Fyrir það er byggingin einstæð og líkist raunar ekki hefðbundnum safnabyggingum, en býr yfir mikilli nánd og hlýleika. Ruusovuori gengur út frá því að tengja þessa gömlu byggingu nútímanum, en halda þó svipmóti gömlu byggingarinnar og virðist mér þetta hafa tekist mjög vel. Er mjög lærdómsríkt fyrir Íslendinga, sem virðast elska samsull stíllegunda, þar sem enginn tekur tillit til þess sem fyrir er né innbyrðis mælikvarða og stærðarhlutfalla. Í einbýlishúsi við Bakkafliót í Garðabæ (Hafsteinsshús) eftir Högnu Sigurðardóttur, hef ég oft komið og kann vel að meta það, þó mér þyki það nokkuð þungt og hrátt hið innra. Byggingarnar sem Högnu hefur teiknað í Frakklandi eru mjög skýrt og vel hannaðar og bera mjög vönduðum arkitekt vitni. Hluttur hennar á sýningunni er síst minni en hinna og að auk hefur yfirbragð framlags hennar mesta persónulega nánd.

Dregið saman í hnotskurn, er þetta mikil sýning en þung í vöfum og full margbrotin. Teikningarnar og frumrissin eru eitthvað svo utangarna og falla ekki inn í heildar-



Sverre Fehn, Noregur: Villa Carl Sejersted Bødker.



Knud Holscher, Danmörk: Danski skálinn á heimssýningunni í Sevilla

myndina, trufla hana mun frekar. Áberandi er hve slík riss falla betur að byggingunum í ritunum um arkitektana, en þar hafa þau mikinn tilgang.

Þrátt fyrir glömpurnar á sýningunni skal fólk sem áhuga hefur á

byggingarlist eindregið hvatt til að skoða hana og helst kaupa ritin líka þó dýr séu. Loks þykir mér rétt að benda á að vikulega eru fyrirlestrar tengdir sýningunni og sá næsti er þriðjudaginn 12. október og þá talar Pétur H. Ármannsson.

## Þorvaldur Þorsteinsson

### Myndlist

Eiríkur Þorláksson

Það er nokk sama hvað listamenn eru að fást við í sinni list, þeir hljóta stöðugt að vera að líta um öxl og skoða hvað listasagan hefur fram að færa sem snertir þeirra eigin listsköpun. Það verður engin list til tómarúmi, og meðvitund eða ómeðvitund reynsla hlýtur alltaf að móta hvern einstakling og athafnir hans.

Þorvaldur Þorsteinsson hefur í allri list sinni leitast við að vinna úr eigin reynslu og sjónreynslu sögunnar. Honum er ljóst að sú myndlist sem einn aðili nær að skapa nærast í flestum tilvikum á framlagi annarra í gegnum tíðina; reynslan af því er það safn ímynda, sem listamaðurinn hefur til að vinna úr sem föður eigin hugmynda.

Nú fer senn að ljúka á Mokkakaffi við Skólavörðustíg sýningu, sem Þorvaldur hefur unnið og nefnið „Svipmyndir úr safni ímyndaðrar heildar“. Hér nýtir listamaðurinn ekki aðeins sjónreynslu listasögunnar, heldur einnig eigin verk, en í kynningu segir hann að þessar sjö ljósmyndir, sem hér eru á veggjum, hafi orðið til við samruna teikninga og ljósmynda, sem hann hefur unnið á undanförunum tveimur árum.

Þessar grámóskulegu svart/hvítu ljósmyndir eru einfaldar að gerð, en á þeim getur að líta kvenlíkama í ýmsum stellingum á pöllum, líkt og myndastyttur; hið


óvænta í myndunum er hins vegar að á líkamana vantar ýmist höfuð, fætur, hendur, fótleggji, eða jafnvel aðeins staka fingur eða fremsta lið á tá. Það er óvenjulegt að sjá slíka „vöntun“ í ljósmyndum, og því verður tilvísunin í hugtökun „heil“ og „hluti“ áberandi.

Þessi myndgerð vísar einnig sterklega til höggmynda fornaldar, en menn hafa alla tíð dáðst að höggmyndum, þar sem ímyndunin verður að taka þátt í endanlegri sköpun verksins, og er skemmt að minnast hinnar handleggjaláusu Venusar frá Míló. Áhorfandanum er hins vegar frjálst að ljúka verkinu hér á tvennan hátt, þ.e. annað hvort með því að bæta því við sem upp á vantar, eða þá taka fleira af; þar verður ímyndunin að ráða.

Með þetta í huga er heiti sýningarinnar, „Svipmyndir úr safni ímyndaðrar heildar“, markviss þáttur hennar. Verk Þorvaldar eru oftast en ekki þess eðlis, að um þau sjálf er ekki mikið að segja; hins vegar kunna verkin að bjóða áhorfandanum upp á virkt framhald, þar sem frjótt ímyndunaraflid getur skapað eða endurskapað myndverk listamannsins á alla þá vegu sem færir eru. Hin endanlega verk geta þannig orðið óendanlega fjölbreytt hjá hverjum og einum.

Sýningunni „Svipmyndir úr safni ímyndaðrar heildar“, sem Þorvaldur Þorsteinsson hefur sett upp á Mokka við Skólavörðustíg, lýkur sunnudaginn 10. október.

P.s.: Í menningarmiðstöðinni



Þorvaldur Þorsteinsson

Gerðubergi í Breiðholti hefur nú staðið um nokkurt skeið sýning sem ber heitið „Samtal“. Hér er um að ræða að eintal valdra listamanna (Þorvalds Þorsteinssonar þar á meðal) er sýnt á nokkrum myndbandstækjum. Þetta eru fróðleg innlegg í listumræðuna fyrir þá sem hafa þolinmæði og tíma til að hlusta á útlistanir listafólksins, sem eru í flestum tilvikum greinagóðar og skýrar. Um leið hlýtur þó sú spurning að vakna, hvort myndlistin sé komin á það stíg, að hún þurfi að byggja á slíkri fræðslu, til að fólk fái notið hennar. Er listafólkid orðið mikilvægara en listin? Það væru ekki síður fróðleg umræðuefni en aðföng og efni listamannanna, sem hér eru rædd.

## Ljóðasýning

### Myndlist

Bragi Ásgeirsson


Á vegg tengi byggingar hefur verið komið fyrir ljóðum eftir hið ágæta skáld Hannes Pétursson.

Ad þessu sinni hafa menn horfið frá öllum tilraunum við uppsetningu ljóðanna, sem voru satt að segja komnar út í nokkra öfga og gátu misst marks.

Ljóðin eru einfaldlega á svörtum og hvítum grunni og í mörkuðu skipulagi eftir endilöngum ganginum og hæfir það þeim mjög vel, því mikilvægt er að hafa fulltingi formrænnar rökvísi og kyrrðar við lestur þeirra.

Hér er nefnilega um svo meitlaðar setningar og orðrænar vísanir að ræða að annað kom vart til greina.

Rýmið í tengi byggingunni er einmitt svo opið og hjart með ljóðunum einum, og eins og vinnur með þeim og eykur hrifamátt þeirra þar sem ekkert beinir athygli lesandans frá lestrinum. Um leið er rýmið líkast hæfilegri þögn á milli stórsýninganna tveggja í aðalsölunum, og sagði ekki Beet-hoven að þögnin væri mikilvægastí tónn hljóðfærissins? Í þögninni býr rósemi og einbeiting hugans og þannig er hvert ljóð sem uppspretta djúprar vísu. Hvert einasta ljóð höfðar á einhvern hátt til lesandans og syrpan endar fag-



Hannes Pétursson.

urlega með hendingum úr Heimkynnum við sjó: „Sem dropi tindrandi/ tæki sig út úr regni/ hætti við að falla/ héldist í loftinu kyrr/- þannig fer unaðsómum/ augnablikum hins líðna./ Þau taka sig út úr tímanum og ljóma/ kyrrstæð, meðan hrynur/ gegnum hjartað stund eftir stund.“

En kannski hefði þetta ljóð notið sín enn betur á glerinu andspænis, með magnaða sínfón haustlitanna í bakgrunninum svo og haustregnið í bland.